



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ÍSLE1LR05
Vorönn - 2018

Kennarar áfangans:

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir

Áfangalýsing:

- Nemendur lesa eina skáldsögu og smásögu og vinna verkefni tengd þeim. Þeir skrifa smásögu í ferlisritun. Þeir læra bragfræði og lesa ljóð. Þeir þjálfast í lestri, ritun og framsögn.
- **Ritun:** Nemendur vinna skrifleg verkefni og þjálfast í að semja innihaldsríkar málsgreinar og að byggja upp efnisgreinar.
- **Lestur:** Nemendur lesa eina skáldsögu, að minnsta kosti eina smásögu og nokkur ljóð.
- **Málnotkun:** Nemendur þjálfast í að beita tungumálinu með því að fjalla um bókmenntir og að mynda sér skoðun á þeim. Þeir þurfa að vinna skrifleg verkefni.
- **Framsögn:** Nemendur þjálfast í að koma fram fyrir hóp og flytja áheyrilega ljóð eða lausamálstexta.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum í ritgerðasmíð
- helstu málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða umfram það sem tíðkast í talmáli
- mismunandi lestraraðferðum
- nokkrum tegundum bókmennta og nytjatexta
- helstu hugtökum sem nýtast við umfjöllun um bókmenntir

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð
- nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta
- nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni
- beita mismunandi blæbrigðum og málsniði í tal- og ritmáli
- taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni
- lesa sér til gagns og gamans texta sem gera nokkrar kröfur til lesenda
- skilja algengt líkingamál og orðatiltæki

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málvari
- beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar
- halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt
- túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar textum
- sýna þroskaða siðferðisvitund og víðsýni í málflutningi sínum, umfjöllunum og verkum

Kennslubækur og kennslugögn:

- Indjáninn, skáldsaga eftir Jón Gnarr
- Efni frá kennara

Skipulag áfangans

Í áfanganum verður skipulag og vinna í anda leiðsagnarmats (formative assessment) og verður áhersla lögð á ábyrgð nemanda á framvindu eigin náms. Hefðbundnar einkunnir eru ekki gefnar á önninni heldur eru endurgjafir í formi umsagna. Umsagnir falla í fjóra flokka: Stenst ekki lágmarkskröfur en þá er innan við 50% námsmarkmiða náð, kominn áleiðis, gengur vel og frábær árangur. Endurgjöf á að endurspegla stöðu nemanda og nemandi og á ekki að velkjast í vafa um framvindu náms.

Vinnubrögð og verkefnaskil:

Vinna nemenda fer fram bæði í kennslustundum og heima. Gert er ráð fyrir að rúmlega helmingur námsins geti farið fram í kennslustundum. Allur lestur fer fram heima og sá hluti verkefna sem út af stendur í tímum.

Nemendur vinna verkefni í tölvum og skila þeim inn á Moodle og því er nauðsynlegt að allir nemendur hafi tölvu til umráða. Athugið að sími er ekki nothæfur sem ritvinnslutæki.

Mikilvægt er að skila öllum verkefnum á tilsettum tíma. Verkefnum sem skilað er eftir að Moodlemappan lokast verða ekki metin til einkunnar.

Brýnt er að nemendur ástundi góð vinnubrögð og sinni náminu jafnt og þétt alla önnina til að viðhlítandi árangur náist. **Bannað er að nota síma í kennslustundum nema með leyfi kennara.**

Áfanginn er lokaprófslaus, vinnubrögð og ástundun nemenda í tímum og heima ráða úrslitum um gengi í áfanganum.

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi og þarf nemandi að ná að lágmarki 5 í annareinkunn til að standast áfangann. Námsmat samanstendur af fjölbreyttum verkefnum og prófum og tekur mið af markmiðum annarinnar.

- **Indjárninn 50%:**
 - tjáning 5%
 - verkefnavinna 15%
 - stöðupróf 20%
 - ritgerð 10%
- **Bókmenntir 25%:**
 - smásögur 10%
 - ljóð og styttri textar, próf 10 %
 - framsögn 5%
- **Ferlisritun 15%**
 - smásaga
- **Stafsetning 10%**
 - próf

F.Su. 21. desember 2017

Gert með fyrirvara um breytingar og ósk um gott samstarf.

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir gudbjorgdora@gmail.com

Vika	Dags.	Verkefnavinna
1	5. janúar	Kynning
2	8.-12. janúar	Indjáninn bls. 7-35
3	15.-19. Janúar	Indjáninn bls. 36-69
4	22.-26. janúar	Indjáninn bls. 70-100
5	29. janúar-2. febrúar	Próf 1 úr Indjánum Viðtöl og skrap
6	5.– 9. febrúar	Indjáninn bls. 101-135
7	12. – 16. febrúar	Indjáninn bls. 136- 165
8	19.-23. febrúar	Indjáninn bls. 166-202
9	23. febrúar – 2. mars <i>Áfangamessa og Kátir dagar</i>	Indjáninn bls. 203-221 Ritgerðarvinna og fyrstu skil Próf úr Indjánum
10	5.-9. mars <i>Miðannarmat</i>	Viðtöl og skrap, Ritgerð skilað
11	12.-16. mars	Bókmenntir: Ljóð, verkefni, framsögn
12	19.-23. mars	Bókmenntir: Ljóð, verkefni, framsögn Próf úr ljóðum (myndmál og bragfræði)
13	26.-30. mars <i>Páskafri</i>	Páskafri
14	2.-6. apríl <i>2. í páskum mánud.</i>	Smásaga og aðrir textar
15	9.-13. apríl	Smásaga og aðrir textar Próf úr bókmenntahugtökum og smásögu Viðtöl og skrap,
16	16.-20. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti fimmtud.</i>	Ferlisritun smásögu Nemendur meta með hjálp matskvarða (sjálfsmat og jafningjamat)
17	23.-27.apríl	Ferlisritun smásögu Skilað í lok vikunnar.
18	30.apríl-4.maí <i>1.maí - frídagur</i>	Stafsetningarkönnun
19	7-9 maí <i>Dimmisjón 9.</i>	Skráp og skraf

